

Miðvikudaginn 3. desember 1997.

Nr. 484/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Brynjólfi Jónssyni

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 28. janúar 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um gæsluvarðhald eingöngu á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Af hans hálfu hafa ekki verið færð viðhlítandi rök fyrir því, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt vegna almannahagsmuna. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1997.

Ár 1997, föstudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Brynjólfi Jónssyni, kt. 260766-3419, með lögheimili að Jöklafold 1, Reykjavík, en dvalarstað að Miklubraut 1, Reykjavík, verði með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991

um meðferð opinberra mála gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. janúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 217., 231., 220. og 252. gr. almennra hegningarlaga.

-- --

Við fyrirtöku málsins í dag mótmælti kærði gæsluvarðhaldskröfunni.

Rannsókn máls þessa er að mestu lokið, en krafa um gæsluvarðhald er studd ákvæðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Kærði er talinn vera undir rökstuddum grun um brot gegn ákvæðum 217., 231., 220. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til alls ofanritaðs verður að fallast á það með lögreglustjóranum í Reykjavík, að kærði sé undir rökstuddum grun um brot gegn framangreindum ákvæðum hegningarlaga, sem varðað geta tíu ára fangelsi, ef sök telst sönnuð. Þá verður einnig að fallast á það með hliðsjón af framburðarskýrslum og öðrum rannsóknargögnum, að 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi hér við. Því ber að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Brynjólfur Jónsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. janúar 1998 kl. 16.00.
